



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Árborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
2.1 Sólskinsstundir – þróunarverkefni í markvissri málörvun	11
2.1.1 Mikilvægi málörvunar	11
2.1.2 Markmið og tenging við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.	11
2.1.3 Tímaáætlun og þemu Sólskinsstunda fyrir komandi skólaár 2021-2022:	12
2.2 Lubbi finnur málbein	14
2.3 Samstarfsverkefni Myndlistaskólans í Reykjavík og leikskólans í Árborg.	15
2.4 Vinafundir í Árborg	17
2.5 Flæði í lestri á öllum deildum.	18
2.6 Barnamenningarhátíð - áralöng hefð heldur sínum sessi.	19
3 Innra mat Grænaland	20
4 Innra mat Bláaland	22
5 Innra mat Rauðaland	25
6 Innra mat sérkennslu	27
7. Innra mat – fjöltyngd börn	28
8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	31
8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	32
9. Foreldrasamvinna	33
10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.	35
11. Fylgigögn	36
a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	36



Leiðarljós leikskólans

Traust - samvinna - leikgleði – nám

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú er mitt fyrsta starfsár að baki sem leikskólastjóri í leikskólanum Árborg. Þetta ár hefur verið afar lærdóms- og viðburðaríkt. Heimsfaraldrinum hafa fylgt ýmsar áskoranir en þegar litið er yfir liðið ár þá tókst okkur að halda leikskólastarfinu okkar nánast óskertu og hefur starfshópurinn okkar staðið sig með eindæmum vel í að takast á við aukið álag og allar þær breytingar sem upp hafa komið.

Fyrr á þessu ári tókum við ákvörðun um stóra breytingu er varðar aldurskiptingu á milli deilda. Við gerðum Bláaland að elstu deild, Rauðaland að miðdeild og Grænaland er svo áfram yngsta deildin okkar. Ákvörðun þessi var tekin með hag nemenda og starfsfólks að leiðarljósi. Þrír þættir höfðu mestu áhrifin. Í fyrsta lagi að auka enn frekar öryggi nemenda þar sem leikefni er nú orðið við hæfi þess aldurs sem við á. Í öðru lagi er mun auðveldara fyrir kennara að hafa yfirsýn yfir framfarir og þroska nemenda þegar tveir árgangar eru á deild í stað fjögurra og í þriðja lagi finnum við að nemendur njóta sín mun betur félagslega í hópnum jafningja og sáum við að nemendur blómstruðu eftir þessar breytingar. Verkefnið krafðist mikils undirbúnings og samvinnu og gengu þessar breytingar vonum framar. Ekki er horft á aldurshreina skiptingu heldur tókum við mið af hópnum í upphafi hvers skólaárs og röðum börnum á deildir eftir aldri og fjölda á deild.

Á liðnu skólaári voru áherslur skólans skerptar enn frekar og málörvun sett í fyrsta sæti. Við settum á laggirnar virkilega skemmtilegt og vel unnið þróunarverkefni sem við köllum Sólskinstundir. Verkefnið leggur áherslu á markvissa málörvun fyrir alla nemendur í skólanum. Starfsmenn fengu þjálfun, aðhald, aðstoð og leiðbeiningar ásamt hugmyndamöppu um verkefnin. Við erum með verkefnastjóra sem við teljum að sé mikilvægt til að halda verkefninu í stöðugri þróun. Eitt þema er fyrir hvern mánuð í Sólskinsstundum og hlökkum við til að halda áfram að þróa verkefnið og erum við afar stolt að hafa fengið styrk veittann fyrir því.

Skipulags dagarnir okkar voru virkilega skemmtilegir, eflandi og vel nýttir. Við tókum til dæmis inn skyndihjálparnámskeið með Herdísi Storgaard, skyndihjálparnámskeið er tekið inn annað hvert ár fyrir allan starfshópinn, þegar nýir starfsmenn hefja störf er farið yfir skyndihjálpar glærupakka og aðal áhersluatriði rædd. Við tókum svo heilann skipulagsdag í að innleiða þróunarverkefnið okkar,



Sólskinsstundir. Á öðrum skipulagsdegi fengum við fyrirlestur frá Önnu hjá KVAN. Fyrirlestur Önnu bar yfirskriftina: *Gleði og þrautseigja á krefjandi tímum*. Annar virkilega gagnlegur skipulagsdagur var tileinkaður samræmingu um hvernig vinna skuli með óæskilega hegðun og hvað við getum gert til að fyrirbyggja óæskilega hegðun í leikskólanum Árborg. Karen Lind Gunnarsdóttir, sálfræðingur og hegðunarráðgjafi kom til okkar og var með fyrirlestur í salnum okkar í gegnum fjarfundaforrit. Deildum gafst svo færi á að spyrja spurninga og vinna verkefni í kjölfar innleggs Karenar þar sem hún var okkur innan handar og leiddi þá vinnu með leikskólastjóra. Það skapaðist frábær umræða og allir höfðu gagn og gaman af.

Eftir áramót fór svo stytting vinnuvikunnar af stað og var kosið um 38 klst. vinnuviku í Árborg. Með samvinnu deildarstjóra velja starfsmenn annað hvort ½ dag aðra hverja viku eða heilann dag í styttingu í mánuði. Ekki megi fleiri en 2 vera í styttingu á einum degi. Verkefnið hefur yfir heildina gengið mjög vel.

Foreldrasamstarf varð talsvert flóknara vegna Covid 19 en okkur tókst samt sem áður að kjósa í foreldraráð og félag. Við gerðum ýmislegt til að efla upplýsingaflæði eftir þeim leiðum sem sóttvarnir leyfðu. Við vorum með tvö formleg foreldrasamtöl, eitt fyrir og eitt eftir áramót, ýmist í gegnum tölvu og/eða síma. Við vorum dugleg að deila myndum og upplýsingum úr starfinu þrátt fyrir þá fjarlægð sem að sóttvarnir settu okkur. Leikskólinn kom vel út úr foreldra könnuninni í vor þrátt fyrir snúinn vetur.

Sigríður Valdimarsdóttir, leikskólastjóri.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Markviss málörvun	Á deildarstjórafundum	Deildarstjórar, sérkennslustjóri, verkefnastjóri Sólskinsstunda, aðstoðar leikskólastjóri og leikskólastjóri.	Styrkleikar: Sólskinstundir voru settar í forgang og upplifðu nemendur og starfsmenn ánægju og gagn af þeim. Eftir sýnikennslu og yfirferð námsefnis voru kennarar fullfærir og virkilega jákvæðir að taka þessar stundir vikulega með sínum hópi. Veikleikar: Að setja af stað nýtt verkefni tekur tíma og vinnu en sú vinna var mikilvæg og var lærdómsferlið einnig mikilvægt. Starfsmenn voru spurðir vikulega hvort þeir hefðu öll þau töl og tæki sem þeir þörfuðust og verkefnið aðlagð eftir svörum kennara.
Efniviður, ástand, tilgangur og aldur.	Á skipulagsdegi og á deildarstjórafundum og tveimur vikum fyrir skipulagsdag. Febrúar 2021.	Stjórnendateymi leikskólans í samvinnu við allt starfsfólk leikskólans.	Styrkleikar: Starfsfólk fór í gegnum nánast allt leikefni og efnivið og um leið kynnti sér betur hvernig hægt er að nýta efnin betur. Þegar allt var tekið úr öllum skápum kom ýmislegt í ljós og fundum við leikföng, spil, bækur og fleira sem hafði ekki verið dregið fram um tíma. Veikleikar: Endurnýja þurfti talsvert af efnivið og henda og/eða gefa margt sem var orðið skemmt eða barn síns tíma. Í ljós kom að efniviður á deildum var



			ekki alltaf við hæfi þess aldurs sem vann á deildinni og var það lagað strax.
Hvert er hlutverk kennara í starfi á leikskóla?	Á skipulagsdegi leikskólans.	Allir starfsmenn tóku þátt með stjórn deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjórnenda. Leikskólastjóri hóf mat og umræður með glærukynningu um hlutverk kennarans og mikilvægi allra upplifana nemenda á fyrstu 5-7 æviárum þeirra. Í kjölfar skapaðist umræða og svo fóru deildir í vinnu með sínum hópi.	Efla þarf enn frekar þátttöku og þjálfun starfsfólks. Á komandi skólaári verða vonandi ótal námskeið í boði sem munu nýtast starfsfólkinu vel í sinni endurmenntun.
Þátttaka kennara í leik nemenda.	Á skipulagsdegi leikskólans.	Allir starfsmenn leikskólans.	Styrkleikar: Starfsmenn eru margir meðvitaðir um mikilvægi virkrar þátttöku í leik og gátu lagt mikið til málanna. Rýnt var til gagns og tók hver deild saman punkta þar sem þeir ákváðu hvað þeir gátu og vildu efla sig í og gera betur en einnig punkta yfir hvað var verið að gera vel; hvaða aðferðir viljum við nota áfram. Margt er verið að gera virkilega vel og ekki síður mikilvægt að draga það fram. Hver hópur (gert á Zoom) var svo með einn talsmann sem fór yfir punta frá sinni deild/sínum hópi. Veikleikar: Velt upp spurningunni: Hvað getum við gert til að nýta tímann okkar betur með nemendum og einnig spurt: Hvað er þátttaka og hvernig er hún framkvæmd?



Lestur bóka.	Tvö lestrarátök á hvorri önn þar sem lestur var skráður og haldið utan um tölulegar upplýsingar hverju sinni á hverri deild.	Allir starfsmenn á öllum deildum. Deildarstjórar og leikskólastjórnendur héldu utan um verkefnið.	Bæði Bókaormurinn og Margfætlan stóðu yfir í 2 vikur í senn fyrir og eftir áramót. Mikið var lagt í fræðslu, aðhald og undirbúning og skilaði sú vinna sé í gríðarlega mikilli þátttöku bæði foreldra og starfsmanna.
---------------------	--	---	---

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir).	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar).
Foreldrakönnun var gefin út vorið 2021	Eitt foreldri hvers barns fékk senda könnun frá SFS (Skóla- og frístundarsvið Rvk.) þar sem þeir voru hvattir til að svara spurningum og meta starf leikskólans. SFS sendi svo ítrekanir og leikskólastjóri hvatti einnig alla foreldra til að gefa sér tíma til að svara könnuninni.	Foreldrar leikskólans. Mjög góð þátttaka.	Almenn ánægja var í garð leikskólans og var ánægjulegt að sjá þætti eins og upplýsingagjöf hækka þar sem undanfarin vetur reyndist flóknari en ella í foreldrasamskiptum vegna Covid 19 takmarkana.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skólaheimsóknir allra starfsmanna í aðra leikskóla.	Að allir starfsmenn fái tækifæri til að heimsækja minnst 1 leikskóla yfir skólaárið.	Stjórnendateymi skólans gerir áætlun um hverjir fara hvert. Setja sig í samband við tilvonandi móttökuskóla og staðfesta móttöku. Hver hópur stoppar í 1-2 klst í senn.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í samvinnu við deildarstjóra og alla starfsmenn skólans.	Í upphafi skólaárs eða um leið og sóttvarnarglur Covid leyfa.	Heimsóknir dreifast á allt skólaárið.	Í lok hvernar annar fyrir sig er tekið saman hversu margir hafa farið í leikskólaheimsókn og plan uppfært með tilliti til niðurstöðu úr því mati.	Að minnsta kosti 80% en auðvitað helst allir starfsmenn hafi tekist að heimsækja annan leikskóla til að fá hugmyndir og til að opna huga allra fyrir því að skoða þær aðferðir sem aðrir eru að nota í leikskólastarfi.
Dagskipulag skýrt og skilmerkilegt á öllum deildum.	Að hafa skýrari ramma þar sem allir vita til hvers er ætlast af þeim og þar sem hlutverk hvers og eins starfsmanns er skýrt.	Hjálpa deildarstjórnum að setja upp gott skipulag í upphafi skólaárs. Taka mið af samvinnu, nýtingu svæða í húsi og samþættingu á þeim og markvissri málörvun innan leikskólans.	Deildarstjóri ber ábyrgð á dagskipulagi sinnar deildar en með stuðningi frá leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þegar gróft plan liggur fyrir er farið saman yfir allar deildir á deildarstjórafundi.	Septembar 2021	maí 2022.	Mánaðarlega er dagskipulag metið á deildarstjórafundum og það lagfært og uppfært eftir þörfum. Deildarstjórar nota sína undirbúningstíma til að vinna í dagskipulagi með sínu fólki eftir þörfum.	Þegar dagskipulag er skýrt og þegar starfsmenn og nemendur vita hvernig hver dagur liggur og hvað er í vændum hverju sinni.



Uppeldis- og menntastarf							
Að auka samstarf og samvinnu á milli deilda og deildarstjóra.	Markmið sett um að deildarstjórar vinni saman í verkefnum fyrir nemendur og að skólinn vinni sum verkefni sem heild og nýti þannig kunnáttu betur á milli deilda og einnig fyrir þá sem minni reynslu hafa læri þannig af þeim sem meiri reynslu hafa.	Að hluti af undirbúning fyrir starf sé unnið þvert á deildir og að hluti af stjórnarfund um sé tileinkaður deildarstjórum og án skólastjórna.	Stjórnendateymi leikskólans.	september 2021.	Allt skólaárið.	1x á önn í lok hverrar annar. Á deildarstjórafundum. Hvernig tókst okkur til, hvað gekk vel og hvað má bæta og breyta.	að sjá samhljómi í verkefnum á milli deilda og að verkefni og þemu séu unnin minnstakosti einu sinni á önn á öllum deildum á sama tíma.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Hópefli m.a. á skipulagsdögum.	Að halda hópefli og eflingu starfsanda alltaf á lofti.	Hluti af hverjum skipulagsdegi tekinn í að efla hópinn sem heild. Markvisst inni í áætlun leikskóla fyrir skipulagsdaga.	Allar deildir.	Á fyrsta skipulagsdegi þann 17. 21	allt skólaárið.	Í lok hverrar annar á deildarstjórafundum.	Að markmið um lítil innlegg á hverjum skipulagsdagi standist.
Sparikaffi á föstudögum	Að virkja aftur föstudagsskaffi þegar Covid takmarkanir leyfa.	Deildarstjórar gera áætlun eina önn fram í tímann.	Stjórnendateymi skólans.	Um leið og hægt er.	Vonandi verður það hægt allt skólaárið.	Staðan tekin á deildarfundum og deildarstjórafundum einu sinni á hverri önn og oftast ef uppfæra þarf	Að sparikaffi sé flesta föstudaga, annan hvern



					árið.	planið.	eða oft.
Innra mat							
Meta þróunarverkefni okkar, Sólskinsstundir.	Auka tíðni markviss rar málörvun nar í hverri viku	Verkefnið gekk vel síðasta vetur og er því full ástæða til að halda áfram því flotta starfi og auka það.	Stjórnin deyrmí skólans.	Í desem ber 2021 .	Í lok skóla árs apríl /maí 2022 .	Á deildarstjórafun dum eftir hverja önn og einnig á deildarfundum hverrar deildar.	að hægt sé að taka saman með skránin gu hvort tekist hafi að ná markmi ði um að hver hópur fari minnst 2x í viku í Sólskins stund.
Starfsánægja	Mikilvæg t er að Öllum líði vel í vinnunni. Finna leiðir til að efla og auka starfsán ægju enn frekar.		Allir bera ábyrgð á starfsan danum saman. Leikskól astjórne ndur sjá um að skipuleg gja innlegg og viðburði.	1. sept ember 2021 .	Allt skóla árið.	Á skipulagsdögum sem starfsmannahó pur. Einnig er gerð könnun.	Hækka einkun n í starfsm annakö nnun á milli ára.



2.1 Sólskinsstundir – þróunarverkefni í markvissri málörvun

2.1.1 Mikilvægi málörvunar

Góð tjáning og tungumálafærni er mikilvægur þáttur í félagslegum og vitsmunalegum þroska enda er skilningur á umheiminum lykilatriði í að líða vel. Í daglegu starfi í leikskólum notar skólafólkið (nemendur, foreldrar og kennarar) tungumálið til þess að tjá sig og eiga í samskiptum. Málörvun fléttast inn í allt starfið enda temja kennarar sér þá vinnureglu að setja orð á athafnir og eiga í virkum samtölum við nemendur í öllum athöfnum leikskóla lífsins, t.d. í frjálsa leiknum, við matarborðið, í fataherberginu, í samverustundum og útiveru.

Helsta markmið verkefnisins er að setja málið og málnotkun í algjöran forgang og flétta málörvun inn í allt skólastarfið. **Læsi** og **félagsfærni** eru þeir grundvallarþættir úr Menntastefnunni sem verða í forgrunni verkefnisins. Málþroski er undirstaða læsis og börn eru farin að æfa læsi löngu áður en þau fara sjálf að lesa. Á leikskólaaldri er því lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir seinni tíma nám.

Í verkefninu er félagsfærni þátturinn einnig í hávegum hafður. Nemendur vinna saman í hópum og eflast í því að eiga árangursrík samskipti, sýna hvert öðru góðvild og stuðning með samvinnu, jákvæðni og gleði að leiðarljósi. Kennarinn er fyrirmyndin og er meðvitaður um markmið hvernar stundar og verkefnisins út frá Menntastefnunni.

2.1.2 Markmið og tenging við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Við teljum þó markmiðin einnig endurspeglast í öllum grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar eins og sjá má hér:

Félagsfærni – Leitast er við að allir nemendur öðlist jöfn tækifæri til þess að eiga í samskiptum og hafi sömu möguleika á að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu.

Sjálfsefning – Við viljum efla íslenskan orðaforða og málnotkun nemenda okkar til þess að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd þeirra sem þátttakendur í íslensku samfélagi.



Læsi – Við viljum stuðla að jákvæðu máluppeldi nemenda sem leiði af sér góða læsisfærni í viðum skilningi.

Sköpun – Við viljum vinna með málið á skapandi hátt og gefa þannig nemendum okkar tækifæri til að gera tilraunir með málið og auka forvitni þeirra og færni þegar kemur að málnotkun.

Heilbrigði – Við viljum ýta undir vellíðan nemenda okkar með því að gera vandaða málnotkun að lykilatriði daglegs skólastarfs. Aukin vellíðan leiði af sér aukið andlegt og líkamlegt heilbrigði.

2.1.3 Tímaáætlun og þemu Sólskinsstunda fyrir komandi skólaár 2021-2022:

September 2021:	Fatnaður.
Október 2021:	Einstaklingurinn og fjölskyldan.
Nóvember 2021:	Umhverfið – heimili og skóli.
Desember 2021:	Jólin.
Janúar 2022:	Íslensk menning.
Febrúar 2022:	Sögur og ævintýri.
Mars 2022:	Barnamenning.
Apríl 2022:	Leikefni – inni og úti.
Maí 2022:	Náttúran og dýrin.

Umgjörð:

Hver sólskinsstund byrjar og endar alltaf eins.

Byrjunin þarf að vera skýr og gefa til kynna að núna sé Sólskinsstundin að byrja.

Gott er að nota hringformið, sitja í hring á gólfi eða við borð.

Allir leiðast í hring og segja saman: „**Velkomin í Sólskinsstundina!**“

Fyrsta viðfangsefnið þarf að vera spennandi og kveikja áhuga.


Mikilvægt er að kennari tali skýrt og allir nemendur sjái og heyri í honum.

Söngvar og sögur eru tilvaldar leiðir til að auka fjölbreytni og gefa málörvuninni litríkari blæ.

Athygli er vakin á að endurtekningin er lykilatriði á máltökustiginu.

Sólskinsstundir geta átt sér stað innan dyra sem utan.

*Hér eru nokkrar myndir úr Sólskinsstundarmöppunni. Hver deild á sína möppu með ótal hugmyndir af leikjum og æfingum þar sem einfaldar og skýrar leiðbeiningar fyrir kennara fylgja:



2.2 Lubbi finnur málbein

Lubbi er fjárhundur sem hjálpar nemendum að læra íslensk málhljóð á skemmtilegan og lifandi hátt. Námsfni í málörvun sem áfram verður unnið með í leikskólanum okkar. Allir nemendur kynnst Lubba, Lubbalögunum og málhljóðunum. Málhljóð vikunnar verður fyrir allan skólann. Efnið er aðlagð aldri eftir aldri og þroska hverju sinni, misjafnt á milli deilda.

Bókin um Lubba er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Í bókinni er sérhvert málhljóð kynnt með stuttri sögu, skemmtilegri vísu og lagi sem er á geisladiskum sem fylgja efninu. Hver deild á svo sinn Lubbabangsa sem er alltaf með nemendum í Lubbastundum.



2.3 Samstarfsverkefni Myndlistaskólans í Reykjavík og leikskólans í Árborg.

Spennandi samstarfsverkefni fer af stað á Bláalandi fyrir börn fædd 2016, elsti árgangur skólans.

Tímarammi : Áætlað er að hefja fyrstu myndlistasmiðjuna 20. ágúst og að síðustu smiðjurnar séu til 14. desember, með hléi vegna vetrarleyfa á haustönn. Á vorönn munu þær byrja þann 7. janúar og síðustu smiðjurnar verða til 24. maí, en hlé verður gert vikurnar 25. febrúar - 8. mars vegna vetrarleyfa og Öskudags.

Markmiðið með myndlistarsmiðjunum er:

- a) að styðja við og dýpka enn frekar þá myndlistarkennslu sem fer fram innan leikskólans
- b) að kynna starfsaðferðir og nálgun myndlistarmannsins fyrir leikskólabörnum
- c) að gefa leikskólabörnum kost á að kynnast vinnuumhverfi í sérútbúnum myndlistarskóla
- d) að kynna vinnubrögð sem viðhöfð eru í myndlistarnámi fyrir stjórnendum og kennurum
- d) að víkka sjóndeildarhring leikskólabarna gegnum sjónræna skynjun og persónulega listræna tjáningu
- e) að auka hæfni leikskólabarna til að beita skapandi aðferðum við fjölbreytta verkefnavinnu.

Fyrirkomulag:

Nemendur úr elsta árgang í Árborg koma í Myndlistaskólann í fylgd leikskólakennara sem eru með þeim í myndlistasmiðjunni. Þeir halda utan um hópinn og aðstoða kennara Myndlistaskólans. Miðað er við að börnin komi 6-8 saman í hóp og hver hópur komi sex sinnum og er hvert skipti um 90 mínútur að lengd. Unnið er undir handleiðslu myndlistarmanns en Myndlistaskólinn mun taka á móti leikskólabörnum einn dag í viku, tveimur hópum fyrir hádegi og tveimur eftir hádegi. Leikskólakennararnir vinna einnig einfaldar skráningar af verkefnavinnu barnanna í formi ljósmynda, texta og halda ferilmöppu. Í upphafi verkefnisins eru leikskólastjórar og þeir kennarar sem koma til með að fylgja



nemendum í Myndlistaskólann boðaðir á kynningarfund í Myndlistaskólanum. Leikskólanum gefst kostur á ráðgjöf í samráði við Kristínu Hildi Ólafsdóttur ráðgjafi/verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði í tengslum við skráningar fyrir starfsfólk og hvernig má nýta þær áfram í starfinu. Innifalið í verkefninu eru endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk þátttöku leikskólanna.



2.4 Vínafundir í Árborg

Vínafundirnir, sem fylgt hafa Árborg undanfarin ár fara fram á sal leikskólans alla föstudaga frá kl. 10:45 – 11:30. Þar koma saman allir nemendur og allt starfsfólkið til að læra, njóta, upplifa og gera sér glaðan dag í vikulok.

Markmið Vínafundanna er m.a. að ýta undir góðvild, hjálpsemi og samkennd nemendanna og starfsfólksins í garð hverra annara. Einnig að þau upplifi mikilvægi þeirra jákvæðu áhrifa sem góð leikskólavinátta hefur á alla líðan og staðblæ í skólanum. Þátttaka á Vínafundum er valdeflandi, m.a. fyrir sjálfsöryggi, sjálfstraust og sjálfsmynd og styrkir félagslegt bolmagn og getu.

Menning Vínafundanna fellur vel að grunnþáttum menntunar svk. Aðalnámskrá leikskóla, einnig að þeim grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem Leikskólinn Árborg leggur áherslu á; félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Vínafundirnir byrja og enda alltaf eins, eiga sitt fasta stígandi form þar til hápunkti er náð og þá, smám saman, róast stemningin fram að fundarlokum. Helstu einkenni fundanna eru m.a. samsöngur, kórsöngur, dans, hljóðgjafaleikur, leikspuni, afmælishyllingar og upplýsinga- og fréttáflutningur svo fátt eitt sé nefnt. Allir eru virkjaðir til þátttöku, yngstir sem elstir. Einn umsjónarmaður heldur utan um undirbúning, stýrir dagskránni og hrífur fleiri með.

Vínafundurinn er kjörinn vettvangur til að leggja inn eitt og annað í leikskólastarfinu þvert á deildir. Vínafundirnir endurspeglar fjölþættingu leiksins, námsins og starfsins sem fram fer í hinu fjölmenningslega samfélagi sem leikskólinn Árborg er.



2.5 Flæði í lestri á öllum deildum.

Á síðasta skólaári hófum við átak sem við köllum: Flæði í lestri. Oft á dag eru allir starfsmenn á öllum deildum hvattir til að setjast niður, án þess að kalla til sín nemendur né trufla leik. Viðkomandi sest sjálfur/sjálf með bók og byrjar að fletta henni, þeir sem vilja koma og hlusta á bókina og skoða með starfsmanni. Börnin mega svo koma og fara eins og þeim sýnist, hlusta á alla bókina eða eina blaðsíðu. Með þessari aðferð jukum við bókalestur mikið og var virkilega gaman að sjá hversu mikinn áhuga nemendur sýndu. Þær myndir sem fylgja eru ekki uppstilltar og sýna á mjög skemmtilegan hátt hvernig þessi aðferð getur virkað. Flæði í lestri verður áfram valkostur á komandi skólaári.



2.6 Barnamenningarhátíð - áralöng hefð heldur sínum sessi.

Elstu nemendur Árborg hafa mörg undanfarin ár tekið virkan þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar ásamt nokkurhundrað jafnöldrum sínum úr öðrum þátttökuleikskólum borgarinnar. Ungmennin læra þekkta söngva eftir mörg okkar helstu söngvaskáld og flytja svo saman á stóra sviðinu í Hörpu; Eldborg. Í samstarfi við Reykjavíkurborg hefur Tónskóli Sigursveins D. Kristinnssonar haldið utan um alla framkvæmd frá byrjun með Elvu Lilju Gísladóttur fremsta í brúnni. Færri leikskólar komast að en vilja og teljum því við að elstu nemendur okkar ár hvert njóti einstakra forréttinda sem alltaf þarf að hlúa vel að. Þessi magnaða og menntandi upplifun og reynsla, að vera hluti af svo stóru hljóðfæri sem hinn risastóri leikskólanemendakór myndar, mun búa með börnunum alla þeirra ævi.

Næsta vor, 2022 mun Árborg, að venju, vera einn þátttökuleikskólanna á Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar.



3 Innra mat Grænaland

Stutt greinargerð frá Grænalandi – starfsárið 2020-2021.

Á liðnu skólaári var unnið vandað og flott starf sem einkenndist af gleði, útsjónarsemi og jákvæðni. Starfsmenn deildar hafa unnið einstaklega vel saman og hafði starfsánægjan og frábær samvinna við foreldra mikil áhrif á allt starfið þar. Málörvun var sett í fyrsta sæti í skólanum öllum þar sem meðal annars var unnið markvisst með Sólskinsstundir og Lubba. Einnig var lögð mikil áhersla á að talað væri mikið við nemendur og á þau hlustað. Kennarar lögðu sig fram við að leggja orð á athafnir, syngja mikið, dansa og skapa.

Miklar umbætur hafa verið gerðar á starfsaðstöðunni. Öll aðstaða á deildinni er orðin mun betri og í vetur voru tveimur bananaborðum skipt út fyrir felliborð. Við það skapaðist talsvert rýmra gólfpláss til leiks og annara athafna. Einnig voru keyptar nýjar mottur, þær gera rýmið bæði hlýlegra og snyrtilegra. Önnur stór framför voru loftin. Hljóðvist stofunnar var mjög erfið og hljómurinn ójafn; starfsfólk kvartaði vegna þessa. Sett voru ný hljóðeinangrandi loft sem breyttu öllu til hins betra fyrir nemendur og starfsfólk.

Grænaland lagði mikla áherslu á útiveru og voru nemendur einnig mjög duglegir að fara í ferðir um hverfið og á bókasafnið. Þeirra þrek jókst fljótt og höfðu þau alltaf gagn og gaman af.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Starfsfólkið taki virkan þátt í leik barnanna og leiði hann áfram.	Nýta tímann betur, fara meira á gólfíð með börnun um og einnig að fá fræðslu í mikilvægi þeirra þátttöku.	Að starfsfólkið sé ávallt til staðar til að styðja við þróun leiksins. Að það ýti undir uppgötvun arnám nemenda sinna og skapandi hugsun. Einnig að það þjálfar nemendur í að leika sér með leikefnið og kynni þeim möguleika þess og þanþol. Mjög mikilvægt er að starfsfólkið til þeirra á gólfíð – séu með nemendun um í þeirra hæð.	Deildarstjóri sér um aðhald, leiðsögn hvatningu og hrós en allir starfsmenn taka þátt og bera ábyrgð á eigin vinnu.	Í upphafi skólaárs, septemb er 2021.	Allt skólaárið.	Tekið fyrir sérstaklega á fyrsta skipulagsdegi skólaársins þann 17.9.21 og svo tekið fyrir á deildarfundum hvernig deildar 2x yfir skólaárið. Deildarstjóri stýrir umræðum og skráir fundargerð.	Deildarstjóri er virkur í að vera góð fyrirmynd og hvetja sína starfsmenn. Matið er skriflegt og fer fram 1x í mánuði, deildarstjóri tekur samtöl við sína starfsmenn og metur einnig þátttöku í leik í daglegu starfi deildar. Gerir ráðstafanir í takt við hvort og hversu vel markmiðum er náð.
Málörvun, almenn og markviss.	Að halda áfram með reglulega fræðslu um mikilvægi málörvunar og að efla skilning allra á hvar og hvernig við getum gert betur og einnig að meta hvar við erum að	Innlegg á skipulagsdögum, fræðsla og aðstoð frá MML og að senda starfsmenn á námskeið er varða málörvun í leikskólum.	Stjórnendateymi leikskólans sem samanstendur af deildarstjórum, sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólustjóra og leikskólustjóra.	Hefst á og í kjölfar fyrsta skipulagsdags leikskólans sem haldinn verður þann 17.9.2021.	Allt skólaárið.	Metið á deildarstjórafundum, 1x fyrir og 1x eftir áramót. Einnig á deildarfundum á hverri deild með umsjón deildarstjóra.	Þegar innlagður orðaforði, vísur, lög og málhljóð eru notuð vísitandi í almennu starfi þar sem sýnilegt er að nemendur nota sinn nýja orðaforða í leik og starfi og í svörum og samtölum. Einnig viljum við sjá vinnu okkar í málörvun skila sér í málþroska skimunum eins og EVY-2 og Hljóm-2.



	standa okkur vel.						
--	-------------------	--	--	--	--	--	--

4 Innra mat Bláaland

Stutt greinargerð frá Bláalandi – starfsárið 2020-2021

Í upphafi skólaárs komu inn nýir starfsmenn á allar deildir og komst smátt og smátt stöðugleiki á hópinn. 3 af 4 starfsmönnum á Bláalandi höfðu mikla reynslu og svo kom inn nýr starfsmaður sem féll vel inn í hópinn og stóð hópurinn sig vel í vetur er varðar samvinnu, hjálpsemi, virðingu, nám og gleði. Í upphafi skólaárs kom fljótt í ljós að verkefnið Leiðtögin í mér fór ekki af stað eins lagt var upp með. Í staðin var lögð áhersla á málörvun og á sama tíma unnið í að taka inn fræðslu því tengdu ásamt hópefli og að efla starfsandann og hópinn.

Fyrir áramót voru 4 árgangar á Bláalandi og eftir áramót var farið á fullt og breyting skipulögð. Ákveðið var að Bláaland yrði elsta deildin okkar og væru þar sirka tveir elstu árgangarnir okkar með heildarfjölda upp á 23 nemendur. Þessar breytingar fólu meðal annars í sér endurskipulagningu og yfirferð á öllu leikefni og leikrými. Þetta gekk allt saman betur og hraðar fyrir sig en við þorðum að vona. Við fórum einnig í að vinna meira með opinn efnivið frekar en lokaðan og minnkuðum til muna verkefni eins og púsl og drógum í stað fram blýanta og blöð, leir, ýmsa kubba, hlutverkaleikinn og fleiri verkefni sem ýta undir málörvun með samvinnu kennara, þessi efniviður gefur fleiri tækifæri til félagslegra samskipta og eflingu ímyndunarafls nemenda og kennara. Með opinn efnivið er átt við að það sé engin ein rétt leið til að leysa verkefni eins og á við í púsl til dæmis.

Eftir áramót tók skólinn svo upp Sólskinstundir sem tóku við af verkefninu „Leiðtögin í mér“. Starfsmenn og nemendur tóku fyrstu 3-4 mánuði í því verkefni til að prófa sig áfram og náðist á því tímabili mikill lærdómur. Sólskinsstundir eru komnar til að vera og munum við auka tíðni þeirra á komandi skólaári.

Fjögur lestrarátök voru framkvæmd á skólaárinu og gengu þau virkilega vel. Bókaormurinn okkar er 2x á skólaári í tvær vikur í senn. Þar eru foreldrar hvattir til að lesa sem oftast fyrir



börn sín og skrá hverja lestrarstund á þar til gerða miða sem leikskólinn útvegar. Mikil þátttaka var í þessu lestrarátaki og stefnum við á að halda áfram með bókaorminn okkar á næsta skólaári líka. Margfætlan var annað lestrarátak sem var einnig sett á laggirnar. Margfætlan snýr að 2ja vikna lestrarátaki innan skólans, 2x á skólaári, 1x fyrir áramót og 1x eftir áramót. Keppni var á milli deilda um hver læsi oftast fyrir sinn nemendahóp í þær tvær vikur sem átakið stóð yfir. Mikil stemning og keppnisskap myndaðist innan skólans og bar Bláaland sigur úr bítum í fyrstu atrennu lestrarátaksins. Bláaland tók svo við farandbikar Margfætlunnar. Margfætlan er einnig komin til að vera á komandi skólaári.



Hér má sjá sýnilega skráningu í lestrarátakinu Margfætlunni og svo fylgir einnig mynd af farandbikarnum.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Stefnt er að því að hver nemandi fari 2x í viku í Sólskinsstund með sínum hóp. Og að hver nemandi fari með sínum hóp í Lubbastund 1x í viku, ásamt því að nýta áfram Lubba í samverustundum.	Setjum markvissa málörvun eins og Sólskinsstundir og Lubba inn í fast dagskipulag deildar og eflum einnig fræðslu um almennt mikilvægi málörvunar í daglegum athöfnum.	Allir á deild undir stjórn deildarstjóra.	Eftir skipulagsdag þann 17. september.	Allt skólaárið.	Notast við einföld eyðublöð í Sólskinsstundarmöppum, hópstjóri metur stuttlega hverja stund í lok hennar. safna gögnum.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samþættingu málörvunarinn í daglegt starf	Nota Lubba hljóð vikunnar í samverustund, fataherbergi, útiveru og í sem flestum stundum.						
Efla opinn efnivið og minnkannað	Hafa púslkassa og hvíla öll púsl nema á púslböggum. Hugmynd um að hafa púsl dag 1x í viku fyrir áramót, á föstudögum.						
Starfsfólkið taki virkan þátt í leik barnanna og leiði hann áfram.							



5 Innra mat Rauðaland

Stutt greinargerð frá Rauðalandi – starfsárið 2020-2021.

Í upphafi skólaárs tók við nýr deildarstjóri á Rauðalandi og átti starfshópurinn flott skólaár. Aukin áhersla var lögð á foreldrasamskipti og tókst ágætlega til þrátt fyrir miklar takmarkanir vegna Covid. Á deildinni störfuðu starfsmenn með tuga langa reynslu í bland við yngri og reynsluminni starfsmanna sem bjó til skemmtilega stemningu í hópnum. Tekið var það besta úr eldra starfi leikskólans og mörgu nýju bætt við. Hópurinn var skapandi og var einstaklega ánægjulegt að sjá hversu margar vettvangsferðir og gönguferðir út fyrir garðinn hópurinn á Rauðalandi fór. Þó að ekki hafi verið hægt að heimsækja öll söfn og slíkt var farið að gefa öndunum og náttúran skoðuð ásamt reglulegum bókasafnsferðum. Unnið var heilmikið þema í kringum eldgosið og lærðu nemendur um gos, máluðu myndir og horfðu á gosið í beinni.

Eftir áramót breyttist svo fljótlega Rauðaland í miðdeild leikskólans og fór úr því að vera fjórir árgangar blandaðir á einni deild í að vera aðeins tveir árgangar. Sú vinna krafðist mikils undirbúnings. Undirbúningurinn fólst meðal annars í yfirferð á öllum efnivið, kynningu og undirbúning fyrir nemendur og foreldra og svo flutningurinn sjálfur. Þessar vel heppnuðu breytingar gengu vonum framar og á 2-3 vikum var komin stöðugleiki á allt. Áberandi var að sjá hversu vel nemendur tóku þessum breytingum og blómstruðu þau enn frekar í sínu jafningja umhverfi. Starfsmenn kynntust nýjum nemendum og foreldrum betur og betur og er þessi deildaskipting komin til að vera.

Fjögur lestrarátök voru framkvæmd á skólaárinu og gengu þau virkilega vel. Bókaormurinn okkar er 2x á skólaári í tvær vikur í senn. Þar eru foreldrar hvattir til að lesa sem oftast fyrir börn sín og skrá hverja lestrarstund á þar til gerða miða sem leikskólinn útvegar. Mikil þátttaka var í þessu lestrarátaki og stefnum við á að halda áfram með bókaorminn okkar á næsta skólaári líka. Margfætlan var annað lestrarátak sem var einnig sett á laggirnar. Margfætlan snýr að 2ja vikna lestrarátaki innan skólans, 2x á skólaári, 1x fyrir áramót og 1x eftir áramót. Keppni var á milli deilda um hver læsi oftast fyrir sinn nemendahóp í þær tvær vikur sem átakið stóð yfir.



Á deildinni voru einnig gerðar breytingar á leik- og starfsumhverfinu og voru m.a. sett upp tvö felliborð í stað banana-borða og skapaðist því mun meira leikrými á gólfi. Nýjar mottur voru keyptar og heimiliskrókur mikið endurnýjaður. Þessar breytingar gerðu það að verkum að skólastofurnar á Rauðalandi buðu upp á mun betra leikrými þar sem auðvelt er að skipta hópnum upp í marga minni hópa. Bæði starfsfólk og nemendur fundu mikinn mun eftir þessar breytingar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað á að efla? Málörvun	Að hverju er stefnt? Að efla enn frekar þátttöku starfsmanna í málörvun í leik, matartímum og útiveru.	Sérkennslustjóri sér um að setja inn nokkur orð vikunnar, ný lög í hverri viku og svo eru stjórnendur fyrirmyndir og efla og hrífa aðra með sér. Einnig áframhaldandi aukinn fræðsla um mikilvægi málörvunar á leikskólaaldri.	Deildarstjóri ber höfuðábyrgð á sínu fólki með aðstoð frá sérkennslustjóra og öðrum í stjórnendateymi skólans.	Sep tem ber 2021	Allt skól aári ð.	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsfólkið taki virkan þátt í leik barnanna og leiði hann áfram.	Starfsfólk taki virkan þátt í leik barna og lesi og spili við börnin.	Fræðsla og hvatning um mikilvægi okkar í starfi ásamt því að kenna til þess fleiri aðferðir, kveikjur og leiki.	Stjórnendateymi leikskólans.	Sep tem ber 2021.	Allt skól aári ð.	Einn deildarstjórafundur á hvorri önn tileinkaður mati og skráningu til að skoða gang mála og hvað má bæta.	Að starfsmenn viti til hvers er ætlað af þeim og upplifi öryggi í starfsaðferðum sínum.



6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	- Málörvunarhópar í litlum blönduðum hópum. - Þeir sem sinna sérkennslu og stuðningi leggja mikið upp úr menntun án aðgreiningar og er lögð áhersla á að allir kennarar kynnist öllum börnum. Þau börn sem þurfa aukna aðstoð fá hana ekki bara frá einum kennara þó að ákveðin aðili beri ábyrgð á skráningu, teymisfundum og undirbúning vinnustunda. - Nemendur sem eru með stuðning fara í vinnustundir daglega, ýmist ein með kennara, í litlum hópum eða á afmörkuðu svæði á deild. Öðrum nemendum er boðið með í stundir reglulega og þykir það eftirsóknarvert og skemmtilegt fyrir alla. - Þjálfunarstundir fyrir börn með stuðning. - Fjöltyngd börn þjálfuð inni á deild með markvissum málörvunarstundum. - Kennarar skrá hóptíma eftir hvern tíma. - Skráning í einkatímum oftast eftir skráningarkerfi atferlisíhlutunar (sbr. gráa bókin).
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	EFI-2 OG Hljóm-2 málproskapróf, AEPS og Proskalistinn / Smábarnalistinn.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Spil, myndir, myndabækur og fjölbreytt úrval bóka, Lubbi finnur málbein, Sólskinsstundir og fikt leikföng.
---	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Bæta má sögu vikunnar sem kynnt er fyrir sérkennslubörnum og tvítyngdum börnum vikuna á undan. Þannig fá þau forskot og geta betur tekið þátt í umræðum um söguna.	Starfsmenn fræddir um markmið og aðgerðir. Allir samtakast í þjálfun barnanna.	Deildarstjórar sérkennslustjóri, ráðgjafar frá þjónustumiðstöð	Í upphafi skólaárs '21.	Framhalds verkefni allt skólaárið.	Skráning, EFI-2 HLJÓM-2 PECS, myndrænt boðskiptakerfi. Atferlisíhlutun.	Elinstaklingsmiðuð viðmið byggð á útgefnu efni landlæknis um málþroska og þroska barna (sjá á síu Heilsugæslunnar).

7. Innra mat – fjöltyngd börn

Fjöldi fjöltyngdra nemenda í Árborg hefur margfaldast hin allra síðustu ár og telur vel yfir helming þeirra. Stefnumbreyting hefur því orðið á störfum leikskólans þar sem málörvun í sinni víðustu mynd litar nú allt skólastarfið þvert á alla námsþætti. Nemendum er mætt í leik og starfi með aukinni áherslu á hið talaða, íslenska mál. Allt starfsfólkið leggst á eitt um að



virkja og efla samskiptahæfni og þátttöku allra nemendanna í öllu leikskólastarfinu bæði með markvissum hætti.



Hér má sjá fána leikskólans

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðinn var verkefnastjóri fjölmenningar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orð vikunnar og lag vikunnar er kynnt á Vínafundi og er orðið tekið upp úr Orðaforðalista Menntamálastofnunar. Orð vikunnar er hengt upp víða á deildinni í augnhæð barnanna og talað um það í samverustundum. Gefðu 10 hefur verið virkt í húsi og gera starfsmenn sitt besta í að tala markvisst við hvert barn í ákveðinn tíma á dag. Að auki er unnið með Lubba markvisst inni á deildum.

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Flæðislestur er inni á deildum. Starfsmaður byrjar að lesa í nálægð barnanna á gólfinu og les sömu söguna oft í viku. Svo er efni sögunnar rætt. Sum börn setjast nálægt starfsmanni og hlusta en önnur hlusta og leika sér áfram.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Aðal matstækin eru EFI-2 og Hljóm-2. EFI-2 er lagt fyrir að hausti og svo aftur í janúar. Hljóm er lagt fyrir á síðasta skólaári. Í sumum tilfellum er AEPS listinn fylltur út og einstaklingsnámskrá unnin upp úr honum. Öll börn sem eru með stuðning fá einstaklingsnámskrá.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Með þeim þáttum sem upp eru taldir hér að ofan er verið að vinna með alla þessa þætti.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



	Fjöldi málörvunarstunda verður tvöfald aður.	Málörvunar-stundir í litlum hópum verða tíðari. Einnig verður Lubbi mjög virkur á deildum.	Deildarstjórn og Sérkennslustjóri	Í skólabyrjun	Framhaldsverk efni, allt skólaárið.	Matstæki EFI-2, AEPS og HLIÓM-2	Staða barns við upphaf vetrar.
--	--	--	-----------------------------------	---------------	-------------------------------------	---------------------------------	--------------------------------

8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl: Starfsþróunarsamtöl fara fram á skrifstofu leikskólastjóra 2x á ári í formi örsamtala. Starfsmenn fá nokkrar spurningar fyrir fram með áhersluatriðunum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Leikskólastjóri mun taka slík samtöl í október 2021 og verða síðan tekið slík samtöl aftur á bilinu febrúar-mars 2022.

Nýir starfsmenn: Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri tekur samtöl við nýja starfsmenn reglulega, minnsta kosti á 2 vikna fresti fyrstu 1-2 mánuði í starfi oftast og/eða lengur ef þörf krefur. Í því samtali gefst starfsmanni færi á að spyrja spurninga, ræða starfið og fá hvatningu, hrós, ábendingar og fræðslu. Deildarstjórnar bera ábyrgð á þjálfun nýrra starfsmanna sinna deilda. Fyrstu þrjá mánuði í starfi sjá þeir um hvatningu og úthlutun verkefna í samráði við starfsmenn á sinni deild. Deildarstjórnar taka svo hvatningar- og leiðbeiningar samtöl við nýja starfsmenn. Deildarstjóri tekur um það bil 15-30 mínútur í undirbúningstíma sínum vikulega eða 2x í mánuði, eftir þörfum. Hann/hún sest niður með nýjum starfsmanni og ræðir starfið, hlutverk kennarans, námsefni, málörvun, dagskipulag og fleira sem hann/hún telur þörf á að ræða. Þessi samtöl eru einnig fyrir starfsmann til að koma spurningum áleiðis sem ekki er hægt að ræða inni á deildum til dæmis spurningar er varða börnin og hvernig best er að vinna með ákveðna þætti.

Deildarstjórar meta þörf og efni hvers samtals eftir aðstæðum og í samvinnu við nýjan starfsmann. Reynst hefur vel að hafa fleiri styttri samtöl því að nýir starfsmenn eru að meðtaka mikið af upplýsingum fyrstu vikunnar. Nýtt starfsfólk fær einnig tækifæri, á vinnutíma, til að horfa á stutt fræðslumyndbönd um þætti eins og málörvun, kraft hróssins og kraft þess að knúsa, myndband um mikilvægi fyrstu áranna í lífi barna og fleira. Gefur þetta nýjum og jafnvel óreyndum starfsmönnum öryggi og færi á að öðlast fræðslu og skilning. Einnig hvetjum við nýja starfsmenn til að sækja ýmis námskeið.

8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árborg er í samstarfið við Árbæjarskóla varðandi elstu nemendurnar. Í vetur var heimsóknunum þeirra í Árbæjarskóla margfalt frestað vegna Covid. Upp komu smit í grunnskólanum og í kjölfarið var að lokum ákveðið að sleppa grunnskóla heimsóknunum.

Við vorum þó virkilega ánægð með að hafa getað haldið samstarfi við frístundaheimilið Töfrasel. Elstu nemendur fóru allir þangað í skipulagðar heimsóknir og leik um það bil vikulega í um 6-8 vikur áður en grunnskólinn lokaði. Þessar heimsóknir gengu að öllu jöfnu vel og hjálpuðu þær nemendum að fá frekari tilfinningu fyrir heimum grunnskólans og frístundaheimilisins. Ekki voru allir nemendur skráðir í Árbæjarskóla en samt var tekið á móti öllum 13 útskriftarnemendum okkar með opnum örmum.

Erna Bryndís forstöðukona Töfrasels sat svo skilafund, sem fór fram í júní, ásamt Ingibjörgu deildarstjóra Bláalands og Guðrúnu, sem mikið hefur unnið með elstu börnunum í gegnum árin.

Á komandi skólaári vonum við að lög og reglur munu gefa okkur færi á frekara samstarfi en áður en Covid lét sjá sig voru heimsóknir skipulagðar með ýmsu samstarfi sem dreifðist yfir veturinn. Venjan er t.d. að elstu nemendur okkar heimsæki bókasafn Árbæjarskóla fyrir áramót. Einnig hefur tíðkast að nemendur sem voru hjá okkur í leikskólanum og eru nú nemendur í 1. bekk í Árbæjarskóla heimsæki okkur fyrir áramót. Í nóvember á degi íslenskrar tungu hefur svo elsti árgangur heimsótt Árbæjarskóla. Í desember ár hvert er svo samstarf í jólamánuði. Jólastund í Árbæjarskóla. Okkar nemendur taka þátt í jólasamveru með 1. bekk. Í febrúar 2022 stefnum við svo á heimsókn í skólastund í Árbæjarskóla, 4-5 nemendur í einu og dvelja þar einn morgun. Í mars er svo stefnan sett á að halda þeirri hefð áfram að elstu nemendur okkar fari í smíðjur í Árbæjarskóla, þátttaka í dansi, íþróttum og textíl. Í maí er svo Vorskólinn, okkar nemendum er boðið ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Árbæjarskóla. Virkilega gott samstarf hefur verið á milli skólanna í hverfinu og ætlum við að halda því áfram eftir allra bestu getu.



9. Foreldrasamvinna

Foreldrafélag er starfandi í Árborg og eru allir foreldrar sjálfkrafa meðlimir í því. Stjórn er kosin á hverju ári á aðalfundi foreldrafélagsins. Fyrir ári síðan kom upp sú staða að aðeins eitt foreldri var í foreldraráði, hittist þannig á að þeir sem áður voru í ráði og félagi höfðu flutt úr hverfinu eða áttu börn sem voru að hefja grunnskólagöngu. Vegna Covid var aðkoma foreldra er varðar viðburði og hátíðir bönnuð. Eftir áramót tókum við á það ráð að senda út pósta og tala við foreldra til að efla foreldraráð og foreldrafélag. Vel tókst til og voru 5 mæður 6 barna sem buðu sig fram og samþykkt var að þessi hópur myndi skipa stjórn foreldraráðs og foreldrafélags Árborgar seinni helming liðins skólaárs og einnig fyrir næsta skólaár 2021-2022.

Við funduðum nokkrum sinnum og var hópurinn skemmtilegur og metnaðarfullur en Covid takmarkanir gerðu okkur því miður ekki kleift að hafa marga viðburði en engu að síður virkilega ánægjulegt að hafa stofnað hópinn, skipað í hlutverk og haldið fundi. Einnig var stofnaður nýr læstur Facebook foreldrahópur. Sumarhátíðin var haldin í garðinum og var hún unnið sem samstarf þó að við í leikskólanum höfum þurft að halda utan um marga þætti vegna takmarkana. Foreldrafélagið aðstoðaði við veitingar og fleira og var sumarhátíðin vel heppnuð.

Á komandi skólaári hlökkum við virkilega til að halda þessu frábæra samstarfi áfram og viljum við efla það enn frekar er aðstæður leyfa. Fundur verður haldinn með leikskólastjóra í september þar sem samstarfið og ýmsar hugmyndir verða lagðar til. Spennandi tímar fram undan.

Fastir liðir hafa í gegnum árin verið að ganga á forsendum leikskólans, til dæmis leiksýningar, útskriftarferð og sveitaferð, en sveitaferðin var felld niður í ár vegna Covid smits sem kom upp um þær mundir sem við ætluðum að gera tilraun til að heimsækja Hraðastaði í Mosfellsdal. Við munum líklega geta farið næsta vor. En hin árlega útskriftarferð í Vatnaskóg tókst með prýði.

Á liðnu starfsári vorum við stolt af því að hafa lagt áherslu á að vera með tvö formleg foreldrasamtöl þrátt fyrir virkilega krefjandi aðstæður. Að þessu sinni prófuðum við allar tegundir af viðtölum og gerðum okkar besta til að koma til móts við sem flesta og á sama tíma að virða gildandi takmarkanir um sóttvarnir. Við vorum með fjarsamtöl í gegnum Teams með og án túlka eftir því sem átti við. Einnig völdu sumir frekar símasamtal, notuðumst einnig við Google translate og svo fóru sum samtölin fram á staðnum. Við teljum foreldrasamstarf virkilega mikilvægt og fundum við að fjarlægðin sem liðið ár tilneyddi okkur til var erfitt en við gerðum ýmislegt annað til dæmis tókum við



talsvert af myndum af starfinu til að finna leiðir til að tengja foreldra frekar við nám barna sinna í Árborg.

Við stefnum á að vera með fjarfundi í haust og þá í október og mun fyrirkomulag vera þannig að hver deild verður með sinn sér fund. Allir á deildinni munu fá fundarboð og mun leikskólastjóri og deildarstjóri hvernar deildar taka 30 mínútna fund til að fara yfir vetrarstarfið og í lokin gefst svo foreldrum færi á að spyrja spurninga. Ef að aðstæður leyfa munum við hafa staðfundi en það mun tíminn leiða í ljós.

Aðlögun fer fram á þann hátt að hausti að 2-4 nemendur eru aðlagaðir samtímis. Foreldrar eru með fyrstu 3 dagana og fara síðan frá en eru í símasambandi. Við höfum ákveðið að halda þátttöku foreldra en taka mið af sóttvarnarreglum, grímunotkun og líðan hvers barns. Fyrsti dagurinn er 1 klst. viðvera með barni og mun sama foreldri sinna aðlögun alla dagana, viðvera nemenda eykst svo smátt og smátt eins og gert hefur verið áður. Við munum auka eða minnka viðveru foreldris eftir þörfum nemandans en ekki hafa meiri viðveru en þörf krefur. Síðasta haust gerðum við þetta á svipaðan hátt og tókst vel til. Aðlögun tekur um eina viku. Foreldrar koma með myndir af barninu og helstu aðstandendum í kringum barnið og hvert barn fær ferilmöppu í upphafi skólagöngu sinnar í Árborg. Síðan er safnað í þessa möppu yfir tímabilið sem barnið er í leikskólanum og er hún mikið notuð til að skapa samræður og öryggi hjá barninu.

Móttaka allra barna er okkur mjög mikilvæg og viljum við styðjast við viðmið um 5 daga plan en aðlögun eftir líðan hvers barns og foreldri. Við bjóðum upp á tulkapjónustu fyrir foreldra barna með erlent tungumál. Upplýsingar til foreldra í gegnum tölvupóst eru allar á íslensku og ensku.

Við ræðum við alla foreldra um mikilvægi þess að lesa bækur fyrir börn sín. Eins og fyrr segir höfum fengið foreldra í lið með okkur 2x á starfsári í 2 vikur í senn að lesa heima með börnum sínum og koma svo og skrifa nafn bókar og barns á miða sem leikskólinn skaffar, sem svo hengdur er upp á vegg og mynda þessir miðar orm sem við köllum Bókaorminn. Því meira sem lesið er, því fleiri miðar og því lengri bókaormur. Skemmtilegt lestrarátak milli heimila og skóla sem komið er til að vera. Minnum á Margfætluna, sem einnig var nefnd hér framar, spennandi og hvetjandi keppnis lestur á milli deilda.

Við munum halda áfram að senda út pósta á alla foreldra til upplýsinga um ýmislegt mikilvægt er varðar starf barna þeirra í skólanum. Við erum einnig dugleg að hvetja foreldra til að tala við okkur er varðar leik, starf og líðan barna þeirra í skólanum.

10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

Skipulagsdagar eru 6 talsins ár hvert, þrír þeirra verða fyrir áramót og þrír þeirra eftir áramót. Þrír starfsdagar verða sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum í hverfinu.

Starfsdagar næsta starfsárs verða á þessa leið:

1. Föstudagurinn 17. september 2021.
2. Föstudagurinn 22. október 2021.
3. Föstudaginn 19. nóvember 2021 – Sameiginlegur.
4. Fimmtudagurinn 3. febrúar 2022 – Sameiginlegur.
5. Þriðjudagurinn 19. apríl 2022.
6. Föstudagurinn 27. maí 2022 – Sameiginlegur.

Samband íslenskra
veitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla

Leikskólinn Árborg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 M	1 D	1 D	1 D	1 F	1 M	1 M
2 M	2 F	2 L	2 D	2 F	2 S	2 M	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 D	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 L	3 F	3 F	3 S	3 D	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 D	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 D	5 M	5 F	5 S	5 M	5 L	5 D	5 F	5 F	5 S
6 F	6 M	6 L	6 M	6 F	6 M	6 D	6 S	6 M	6 M	6 M	6 F
7 L	7 D	7 F	7 S	7 D	7 F	7 M	7 M	7 F	7 F	7 L	7 D
8 S	8 M	8 F	8 M	8 L	8 D	8 D	8 D	8 F	8 S	8 M	8 M
9 M	9 F	9 L	9 D	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 F
10 D	10 S	10 D	10 M	10 F	10 S	10 M	10 F	10 S	10 M	10 D	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 D	11 D	11 F	11 M	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 D	12 F	12 S	12 M	12 L	12 F	12 M	12 F	12 S	12 M
13 F	13 M	13 L	13 M	13 F	13 D	13 M	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 D	14 F	14 S	14 D	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 D	14 S
15 S	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 D	15 F	15 M	15 M	15 M	15 F
16 M	16 F	16 S	16 D	16 M	16 F	16 L	16 M	16 M	16 F	16 M	16 L
17 D	17 S	17 D	17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 S	17 D	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 D	18 M	18 S	18 M	18 F	18 M	18 L
19 F	19 S	19 D	19 M	19 F	19 S	19 M	19 L	19 M	19 F	19 M	19 S
20 F	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 D	20 F	20 M	20 M	20 M	20 F
21 L	21 D	21 F	21 S	21 D	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 D	21 S
22 S	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 D	22 F	22 M	22 M	22 M	22 F
23 M	23 F	23 S	23 D	23 M	23 F	23 L	23 M	23 M	23 F	23 M	23 L
24 D	24 S	24 D	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 S	24 D	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 D	25 M	25 S	25 M	25 F	25 M	25 L
26 F	26 S	26 D	26 M	26 F	26 S	26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 S
27 F	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 D	27 F	27 M	27 M	27 M	27 F
28 L	28 D	28 F	28 S	28 D	28 F	28 M	28 S	28 M	28 F	28 M	28 L
29 S	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 D	29 F	29 M	29 M	29 M	29 F
30 M	30 F	30 S	30 D	30 M	30 F	30 L	30 M	30 M	30 F	30 M	30 L
31 D	31 S	31 D	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 F

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfskóla eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi leisti skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

11.Fylgigögn

a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

	<u>2.9.2021</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Menntastefnan hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Við í foreldraráði Árborgar erum spenntar fyrir komandi tímum. Við erum bjartsýnar á að ástandandið í þjóðfélaginu fari batnandi og í kjölfarið myndi gefa okkur meira rými til að skipuleggja skemmtilega viðburði fyrir börnin okkar. Það var ánægjulegt að sjá samt miðað við ástandið útaf Covid 19 hvað starfsfólkið var tilbúið að leggja sig fram til að börnin myndu finna lítið sem ekkert fyrir breyttum aðstæðum. Það var frábært hvað leikskólastarfið gat haldist óskert og lítið sem ekkert um raskanir á skólastarfi.

Eftir að hafa farið í gegnum langt tímabil með allskonar breytingum útaf Covid hefur tæknin hjálpað foreldrum að sjá hvað er að gerast dags daglega með myndum á lokaðri síðu á Facebook. Það er gaman fyrir foreldrana að sjá börnin í leik og gleði á leikskólanum. Það hefur vaknað upp sú hugmynd um að leikskólinn nýti sér tæknima sem er í boði og þá valmöguleika eins og Völu appið hefur uppá að bjóða. Eiginleikar eins og að sjá svefntíma barnsins eða hvernig matartíminn var hjálpa foreldrum að vera meðvitaðri um líðan barnsins eftir að það kemur heim af leikskólanum. Margar fjölskyldur þurfa oft en ekki að púsla saman dögnum með vinnu ofl og er því ekki alltaf sami aðili sem nær í barnið, það væri því frábært að skoða þennan valmöguleika sem appið hefur uppá að bjóða og fjöl margir leikskólar eru að nýta sér í dag með góðum árangri.

Annars erum við í foreldrafélaginu/ráðinu spenntar fyrir komandi vetri og að fá að taka þátt í að skipuleggja skemmtilega viðburði með flotta starfsfólkinu sem vinnur á leikskólanum Árborg.

Ég hef lesið yfir starfsáætlun Árborgar fyrir skólaárið 2020-2021. Ég samþykki þessa starfsáætlun fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Árborgar.

F.h. Foreldraráðs,

Jóhanna Ýr Hallgrímsdóttir og Auður Benediktsdóttir



